

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps staðfest-
ist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum
bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að stöðubann verði á suðurkanti Löngubrekku frá húsi nr. 39 að Álfrólsvægi, einnig á
norðurkanti götunnar frá húsi nr. 32 að Auðbrekku.
2. Að hámarkshraði í Holtagerði frá Urðarbraut að Norðurvör verði 30 km pr. klst.
3. Að biðskylda verði á húsagötu við Álfaheiði gagnvart Álfaheiði aðalgötu (stofngötu).
4. Að biðskylda verði á Álfaheiði gagnvart Hlíðarhjalla.
5. Að biðskylda verði á húsagötu við Hlíðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla (stofngötu).
6. Að biðskylda verði á Heiðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987
og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í
Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 29. nóvember 1988.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu
bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Við Víflsstaðaveg og frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut hinni nýju er óheimilt að
leggja bifreiðum.

Bann þetta tekur gildi þegar auglýsing þessi hefur birst í Stjórnartíðingum og viðeigandi
merki skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414 frá 1978 sbr. reglugerð nr. 115/1988 hafa verið sett upp.

Bæjarfógetinn í Garðabæ, 8. desember 1988.

Már Pétursson.